



Stjórnarfundur 18. október 2023 í aðstöðu DSÍ Engjateig

Mættir Helga Björg Gísladóttir, Atli Már Sigurðsson, Árni Sigurgeirsson, Ólafur Már Hreinsson og Svava H Friðgeirs dóttir. Kara Arngrímsdóttir mætti kl. 21:25

Forföll: Þórunn Anna Ólafsdóttir

Gestir: Vésteinn Hafsteinsson afreksstjóri ÍSÍ og Brynja Guðjónsdóttir ÍSÍ

Fundur hófst kl. 21

1. Afreksstefna og landsliðsreglur

Gestir undir þessum lið.

Helsta umræðuefn var spurning um breytingu á landsliðsreglum afturvirkta er varðar að Professional dancers (PD) yrðu einnig hluti af landsliðshópi.

34 sérsambond undir hatti ÍSÍ og er almenna viðmið þarað fólk teljist landsliðsfólk sem er fremst óháð því hvort að um atvinnumennsku er að ræða eða ekki, sbr. handbolti, körfubolti, frjálsar svo eitthvað sé nefnt. Var klausa í landsliðsreglum – varðandi PD. Stuðningur hefur verið við WDSF móti sem er undir hatti Ólympíusambandi Íslands

Brynja kynnti breytingar afrekssjóð ÍSÍ er til umræðu við sérsamböndin.

Rætt um unglings og hæfileikamótun. Huga að því að fá fleiri þætti inn í valið en þátttaka en íslandsmeistaramótum.

Draumastaðan er að setja okkar besta fólk í landsliðið og því senda okkar besta fólk á heims – og evrópumeistaramót.

2. NEC

Síðast 90 þús pr. mann. Styrkt niður í Junior 1 og 2, ungmanni og fullorðnir.

Samþykkt að veita 90 þús pr. mann.

Þurfum að senda einn dómara. Verið að athuga hvort að við eignum qualified dómara til að senda á mótið.

3. Landslið

Rætt var um starf landsliðsnefndar. Einnig var rætt um starf ungra og efnilegra.

4. Önnur mál

- a) Landsliðsreglur.** Ákvörðun tekin um að endurskoða landsliðsreglurnar. Ólafi Má falið að gera drög að reglum
- b) Fylgdarmenn.** Rætt um fylgdarmenn með danspörum. Sammála um að það þyrfti að vera 2 foreldrar með ungum pörum. Ákvörðun um það verður tekin síðar.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið kl. 22:50

Fundagerð ritaði Svava Halldóra Friðgeirs dóttir